

Þriðjudaginn 13. nóvember 1979.

Nr. 144/1977. **Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður**
f. h. Nichimen Co. Ltd.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Jóhanni Antoníussyni og
Sverri Júlíussyni persónulega og
f. h. Hilmis s/f

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1977. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmd-ir til að greiða sér óskipt 60.311.90 bandaríkjadali með 2% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. apríl 1975 til greiðsludags og að auki málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afhendingu sérriðinnar síldarnótar eða farmskirteinis um nót þessa. Til vara krefst áfrýjandi skaðabóta, 60.311.90 bandaríkjadala óskipt úr hendi stefndu ásamt 13% árs-vöxtum frá 1. apríl 1975 til greiðsludags, svo og málskostnað-ur í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Agreiningur er ekki um aðild í máli þessu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný skjöl. Eru það afrit af 9 telexskeytum frá áfrýjanda til Asiúfélagsins h/f hinn 10. febrúar, 17. júní, 27. júní, 18. júlí, 15. ágúst og 13. október 1975, 6. apríl, 2. júní og 6. ágúst 1976 og afrit af 6 telexskeyt-um frá Asiúfélaginu h/f til áfrýjanda hinn 17. mars, 4. júní og 23. október 1975 og 26. janúar, 5. mars og 9. apríl 1976. Af skeytum áfrýjanda er ljóst, að áfrýjandi vildi halda kaup-unum upp á stefndu. Þegar þetta er haft í huga og það, sem

rakið er í héraðsdómi um viðræður fyrirsvarsmanna Asíufélagsins h/f, umboðsaðilja áfrýjanda, og lögmanns þess félags við stefnda Jóhann vorið og sumarið 1975, er nægilega sannað, að stefndu var tilkynnt á þann hátt, sem fullnægjandi var eftir 31. gr. laga nr. 39/1922, að áfrýjandi vildi halda kaupunum upp á þá. Mál þetta er höfðað til efnda á samningi, sem aðiljar gerðu hér á landi. Áttu þar hlut að máli fyrirsvarsmaður stefndu og umboðsmaður áfrýjanda á Íslandi. Þegar þessa er gætt, þykir mál þetta eiga að fara að íslenskum lögum.

Samkvæmt framansögðu og því, sem segir í forsendum hins áfrýjaða dóms um samning málsaðilja, ber að taka til greina aðalkröfu áfrýjanda um annað en vexti.

Eins og atvikum er háttað, er hæfilegt að miða upphafstíma vaxta við stefnudag 6. maí 1977, en þann dag var mál þetta einnig þingfest í héraði. Samkvæmt langri dómvenju skulu vanskilavextir af kröfum vegna lausafjárkaupa reiknast hinir sömu og innlánsvextir innlánsstofnana af almennum sparisjóðsbókum. Hefur þessi regla einnig verið látin gilda, þótt greiðslu skuli inna af hendi miðað við erlenda mynt. Ber því að ákveða vexti af kröfu þessari samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands um innlánsvexti o. fl. frá 16. mars 1977, 18. júlí 1977, 18. nóvember 1977, 17. febrúar 1978, 29. maí 1979 og 30. ágúst 1979, en auglýsingar þessar eru settar samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 10/1961. Með vöxtum í þessu sambandi verður að telja það, sem Seðlabanki Íslands hefur frá 18. júlí 1977 nefnt í auglýsingum þessum „verðbótaþátt vaxta“. Með vísan til alls þessa og kröfugerðar áfrýjanda ber að ákveða vexti í máli þessu þannig: 13% ársvexti frá 6. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s. á. og 24% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 2.000.000 króna.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndu, Jóhann Antoníusson og Sverrir Júlíusson persónulega og f. h. Hilmi s/f, greiði óskipt áfrýjanda, Hákonni Árnasyni hæstaréttarlögmanni f. h. Nichimen Co. Ltd., 60.311.90 bandaríkjadali ásamt 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 6. maí 1977 til 21. nóvember s. á., 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 2.000.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, allt gegn afhendingu áðurgreindrar síldarnótar eða farmskírteinis um hana.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og
Þórs Vilhjálmssonar.**

Við erum sammála meiri hluta dómara um annað en vexti.

Við teljum, að stefndu beri að greiða áfrýjanda vexti frá 1. maí 1975, en nót sú, sem um ræðir í málinu, var tilbúin til sendingar í apríl það ár.

Eins og lýst er í atkvæði meiri hluta dómara, er það forðemisregla, að af kröfum vegna lausafjárkaupa skuli greiða dráttarvexti, sem séu jafnháir og innlánsvextir af almennum sparisjóðsbókum. Þessir vextir hafa breyst frá 1. maí 1975, en eru nú 27% á ári samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands 30. ágúst 1979. Í auglýsingunni segir, að grunnvextir séu 5%, en verðbótaþáttur 22%.

Í málinu er dæmt um kröfu erlends aðilja á hendur íslenskum aðiljum, og ber að greiða hana í bandaríkjadöllum eða íslenskum krónum eftir gengi bandaríkjadala á greiðsludegi. Skuldin er þess vegna verðtryggð að hluta. Ofangreind-

ir vextir fela einnig í sér verðtryggingu með vissum hætti. Er það því ótæk lausn að okkar álitni að dæma stefndu til að greiða höfuðstól miðað við bandaríkjadali og einnig vexti með verðbótapætti.

Rétt þykir að dæma stefndu til greiðslu vaxta, sem séu ákveðnir með hliðsjón af þeim vöxtum, sem greiddir eru af innlendum gjaldeyrisreikningum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands. Ekki var um slíka vexti að ræða 1. maí 1975, en vextirnir af reikningum í bandaríkjadöllum eru nú 7% á ári. Teljum við rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda 7% ársvexti af kröfu hans frá 1. maí 1975 til greiðsludags.

Dómur sjó- og verslunardóms Eskifjarðar 31. maí 1977.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Hákon Árnason hæstaréttarlögmaður, Nýja Bíó húsinu, Reykjavík, höfðað fyrir hönd Nichimen Co. Ltd., 15 Nakanoshima, 2-chome, Kita-ku, Osaka, Japan, fyrir sjó- og verslunardómi Eskifjarðar á hendur þeim Jóhanni Antoníussyni, Skólavegi 12, Búðahreppi, Suður-Múlasýslu, og Sverri Júlíussyni, Safamýri 35, Reykjavík, persónulega og f. h. sameignarfyrirtækis þeirra, Hilmis s/f, Búðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Stefna er út gefin 6. þ. m., árituð af umboðsmanni stefndu og áritun þess efnis, að fallið sé frá stefnufresti og varnarþing samþykkt.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda 60.311.90 bandaríkjadali gegn afhendingu sérriðinnar síldarnótar frá stefnanda.

Til vara er krafist bóta vegna samningsrofs, að fjárhæð 60.311.90 bandaríkjadali.

Þá er krafist 2% dráttarvaxta á mánuði og fyrir hvern byrjaðan mánuð af 60.311.90 bandaríkjadöllum frá 1. apríl 1975 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði algerlega sýknadír af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður samkvæmt texta Lögmannafélags Íslands.

Í greinargerð stefndu var gerð krafa um, að stefnandi legði fram tryggingu vegna málskostnaðar.

Er í málinu lagt fram símskeyti Landsbanka Íslands, þar sem bankinn lýsir sig ábyrgjast greiðslu á allt að kr. 870.000, sem stefnanda kann að verða gert að greiða stefndu í málskostnað.

Sáttatilaunir báru ekki árangur.

II.

Hinn 3. maí 1976 var í sjó- og verslunardómi Eskifjarðar þingfest mál, höfðað af Asiúfélaginu h/f, Reykjavík, gegn stefndu, og voru í því máli gerðar allar hinar sömu dómkröfur og í þessu máli.

Þá voru teknar aðiljaskýrslur af Kjartani Reyni Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Asiúfélagsins h/f, og Jóhanni Antoníussyni, framkvæmdastjóra Hilmis s/f.

Með dómi, uppkveðnum 28. júní 1976, var málinu vísað frá dómi ex officio, og segir í dóminum:

„Eins og áður var rakið, er kröfugerð stefnanda á því reist, að hann beri ábyrgð gagnvart japanska fyrirtækinu á ætluðum samningsrofum stefndu, en jafnframt er því lýst yfir af hans hálfu, að japanska fyrirtækið hafi engar kröfur gert.

Dómurinn telur, að þannig sé fram komin viðurkenning stefnanda á því, að hann hafi enn ekki öðlast umfjallaðan kröfurétt á hendur stefndu, og beri því að vísa málinu frá dómi samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936. Ekki þykir skipta máli, þótt stefndu hafi óskað efnisdóms í málinu, sbr. meginreglu 67. gr. laga nr. 85/1936.“

Í því máli, sem nú er til meðferðar, hafa í meginatriðum verið lögð fram hin sömu skjöl og í fyrra málinu, endurrit aðiljaskýrslna, sem áður var getið, og endurrit frávisunardómsins. Önnur gagnaöflun fór ekki fram, og var málið þingfest, munnlega flutt og dómtekið á einu og sama dómþingi.

III.

Málsatvik eru þau, að haustið 1974 hugðist stefndi Jóhann leita eftir tilboðum í gerð síldarnótar fyrir skip Hilmis s/f. Hönnuðu Pétur Georgsson, netagerðarmeistari á Akranesi, og Kjartan R. Jóhannsson, framkvæmdastjóri Asiúfélagsins h/f, nótina fyrir stefnda. Fól stefndi nokkrum innflytjendum, þ. á m. Kjartani R. Jóhannssyni vegna Asiúfélagsins h/f, sem er umboðsaðili stefnanda á Íslandi, að afla tilboða í gerð nótarinnar.

Bárust tilboð frá þremur erlendum fyrirtækjum, þ. á m. stefnanda, en tilboð hans barst Asiúfélaginu h/f í telexskeyti, mótteknu 11. október 1974. Að höfðu samráði við stefnda Jóhann tilkynnti Asiúfélagið h/f stefnanda samdægurs, að tilboðinu væri tekið með fyrirvara um staðfestingu, eftir að kaupandi hefði ráðfært sig við viðskiptabanka sinn.

Nokkur tími leið, þar til samþykki tilboðs var staðfest, og þá gert með þeim hætti, að pöntun, „Order“, rituð á eyðublað Asiúfélagsins h/f, undirrituð af stefnda Jóhanni f. h. Hilmis s/f og Kjartani R. Jóhannssyni f. h. Asiúfélagsins h/f, var send stefnanda. Hafði þá fengist nokkur lækkun á upphaflegu tilboði stefnanda, og voru breyttar magn- og verðtölur færðar inn á pöntunina.

Hinn 1. nóvember 1974 tilkynnti Asiúfélagið h/f stefnanda í telexskeyti, að pöntunin yrði send þann dag, og í telexskeyti stefnanda til Asiúfélagsins h/f, mótteknu 14. nóvember s. á., kemur fram, að hann hafi fengið pöntunina í hendur.

Í pöntuninni var tekið fram, að síldarnótin skyldi komin til hafnar á ákvörðunarstað eigi síðar en 1. maí 1975. Greiðsluskilmálar voru bankaábyrgð, gjaldkræf 65 dögum eftir dagsetningu farmbréfs.

Stefndi Jóhann sótti formlega um bankaábyrgð fyrir kaupverði nótarinnar hjá viðskiptabanka sínum, Landsbanka Íslands, Eskifirði, í janúarmánuði 1975, eftir að Asiúfélagið h/f hafði óskað þess, að bankaábyrgð yrði opnuð. Hafði stefndi rætt við útibússtjóra bankans, þegar nótarkaupin voru áformuð og undirbúin, og hann ekkert talið athugavert við þau á þeim grundvelli, sem þá var byggt á.

Að sögn stefnanda hafði gengi íslensku krónunnar verið fellt og kaupgjaldshækkunar komið til framkvæmda, áður en ábyrgðarbeiðni var afgreidd í bankanum. Þetta tvennt hafi leitt til þriggja milljón króna verðhækkunar á nótninni og kostnaðarauka við uppsetningu hennar. Hafi hann ekki getað gert banka-stjóra grein fyrir, hvernig hann mundi greiða hækkunina, og því verið synjað um ábyrgðina.

Í bréfi Landsbankans á Eskifirði, dags. 24. mars 1975, til Hilmis s/f segir m. a.: „Vegna almennra breytinga í peningamálum nú og að undanfögnu getur bankinn ekki afgreitt áb. beiðni yðar, að svo komnu máli.“

Engin bréfaskipti fóru á milli stefnda Jóhanns og Kjartans R. Jóhannssonar, framkvæmdastjóra Asiúfélagsins h/f, og verður

því rakið úr áðurnefndum aðiljaskýrslum þeirra það, sem hér skiptir máli.

Stefndi Jóhann kvaðst hafa tilkynnt Asíufélaginu h/f um afgreiðslu Landsbankans á byrgðarbeiðninni og leitað eftir því, hvort til greina kæmi, að nótin yrði afhent án bankaábyrgðar eða kaupandi lánaði hluta kaupverðs í 1 ár. Hafi honum verið tjáð, að það kæmi ekki til greina.

Hann kvaðst síðar hafa reynt án árangurs að útvega kaupanda að nótinni í Danmörku, Svíþjóð og Færeyjum, þegar hann átti erindi til þessara landa. Þetta hafi hann gert í greiðaskyni við Kjartan R. Jóhannsson, enda hafi Kjartan sagt eða gefið í skyn, að hann ætti á hættu að missa umboðið, ef nótin yrði ekki tekin. Hann hafi gert Kjartani viðvart um niðurstöðuna, en síðan hafi þeir ekki ræðst frekar við út af málinu.

Stefndi kvaðst hafa talið sig eða Hilmi s/f lausa allra mála, þegar hann fékk synjun um bankaábyrgð frá Landsbankanum. Hann hafi ekki fengið tilkynningu um, að kaupunum yrði haldið upp á hann eða Hilmi s/f, en fram hafi komið í samtölum við Kjartan R. Jóhannsson, að Kjartan teldi Hilmi s/f bundinn af kaupunum, að minnsta kosti siðferðilega.

Kjartan R. Jóhannsson kvaðst hafa reynt að koma því til leiðar, að bankinn opnaði ábyrgð fyrir stefnda. Hafi útibússtjóri Landsbankans á Eskifirði í fyrstu sagt, að ábyrgðin mundi verða opnuð, en síðar hafi hann sagt, að stefndi Jóhann hefði dregið ábyrgðarbeiðni sína til baka. Kvaðst Kjartan hafa hringt til stefnda og hann þá sagt, að bankastjórinn hefði brugðist sér. Stefndi hafi farið fram á þriggja milljón króna lán, sem hann, Kjartan, hafi ekki getað veitt.

Hann kvaðst hafa talað við stefnda Jóhann aftur vegna þrýstings frá stefnanda og þá sagt honum, að málið væri að fara úr sínum höndum til lögmanna. Stefndi hafi talað um að reyna að selja nótna og í því sambandi nefnt Danmörku, Svíþjóð og Færeyjar.

Kjartan afhenti lögmanni Asíufélagsins h/f málið til meðferðar í júní eða júlímánuði 1975, og hafði lögmaðurinn tvívegis símasamband við stefnda Jóhann út af því, að sögn stefnda, fyrst í júlímánuði 1975. Sagðist stefndi þá vera að reyna að útvega kaupanda að nótinni. Lögmaðurinn hafi hringt aftur um haustið, og kvaðst stefndi þá hafa sagt honum, að mistekist hefði að útvega kaupandann.

Asíufélagið höfðaði því næst mál það, sem þingfest var í sjó-

og verslunardómi Eskifjarðar hinn 3. maí 1976 og áður er getið.

Samkvæmt skýrslu Kjartans R. Jóhannssonar var stefnandi, Nichimen Co. Ltd., þá ekki farinn að gera fjárkröfur út af viðskiptunum, en málið farið að hafa slæm áhrif á viðskipti Asíufélagsins h/f og stefnanda.

Bráðabirgðavörureikningur, „proforma invoice“, stefnanda, sem fram er lagður, ber með sér, að títtnefnd sildarnót var tilbúin til afhendingar í skip í lok aprílmánaðar 1975.

IV.

Dómkröfur stefnanda eru reistar á því, að stefndu séu bundnir við hin umstefndu kaup og engin atvik séu fyrir hendi, er leyst geti stefndu frá skuldbindingum sínum og ábyrgð í því efni. Er bent á, að synjun bankaábyrgðar á greiðslu kaupverðsins leysi stefndu ekki frá kaupunum, enda skilyrði um bankaábyrgð ekki af þeim sett, heldur stefnanda. Meðan skilyrðið var ekki uppfyllt, hafi það veitt stefnanda rétt til þess að halda að sér höndum með afhendingu nótarinnar, en ekki skapað stefndu neinn rétt.

Þá er því haldið fram, að stefndu hafi verið gert ljóst, að þeir væru bundnir af kaupunum, svo sem viðurkennt sé af stefnda Jóhanni, og með tilraunum til endursölu nótarinnar og tilkynningum til umboðsmanna stefnanda þess efnis í viðtölum við þá hafi stefndu veitt stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla, að stefndu teldu sig bundna við kaupin og ætluðu að standa við þau. Hafi stefndu því ekki lengur haft rétt til eða hagsmuni af sérstakri tilkynningu frá stefnanda um, að hann mundi halda uppi á þá kaupunum.

Því er mótmælt, að synjun bankans á beiðni stefndu um opnun bankaábyrgðar verði jafnað til almenns ómöguleika. Stefndu hafi að sjálfsgöðu getað greitt kaupverð nótarinnar eftir sem áður, hafi fé verið fyrir hendi. Bendir stefnandi jafnframt á, að stefndu hafi enga tilraun gert síðar til þess að afla bankaábyrgðar, þótt upphafleg synjun gæfi til kynna, að hún væri tímabundin.

Upphæð varakröfu stefnanda um skaðabætur vegna samningsrofa er studd þeim rökum, að nóttin sé sniðin og gerð eftir sérþörfum stefndu og erfið í sölu til annarra aðilja, og þess vegna nemi tjón stefnanda kaupverðinu. Bent er á, að vaxta- og geymslukostnaður nemi þegar miklum fjárhæðum.

Sýknukrafa stefndu er á því reist, að enginn gildandi samningur hafi komist á um kaupin, þar sem um skilyrt boð hafi ver-

ið að ræða af hálfu stefnanda, þ. e. að bankaábyrgð væri fyrir hendi. Þar eð bankaábyrgð fékkst ekki, hafi kaupin fallið niður.

Þá er því og haldið fram, að stefndu hafi verið ómögulegt (vis major) að uppfylla skilyrði um bankaábyrgð og beri þess vegna að sýkna þá.

Loks er á það bent, að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefndu án tafar, að hann ætlaði að halda uppi kaupunum á hendur stefndu. Hafi stefnandi ekkert raunhæft gert í málinu fyrr en að ári liðnu.

V.

Eins og rakið er hér að framan, sendi stefnandi tilboð í gerð síldarnótarinnar til Asiúfélagsins h/f í telexskeyti, og kynnti framkvæmdastjóri félagsins stefnda Jóhanni efni þess. Tilboðið, lítið breytt, var samþykkt með því að senda stefnanda pöntun, og er ekki um það ágreiningur, að stefnandi hafði samþykkt breytningar á tilboði sínu, áður en pöntunin var send til hans.

Dómurinn telur því, að bindandi samningur um gerð síldarnótarinnar og kaup á henni hafi komist á, um leið og pöntunin var komin til vitundar stefnanda.

Enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefndu um, að samningurinn væri ógildur eða kaupin féllu niður, fengist ekki bankaábyrgð, og voru kaupin því allt að einu bindandi fyrir stefndu, þótt ekki tækist að afla hennar. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, af hvaða ástæðum beiðni um bankaábyrgð var synjað.

Verður þá athugað, hvort stefnandi hafi með tómlæti firrt sig rétti til efnda samningsins in natura eða til skaðabóta.

Í málinu liggur ekkert fyrir um viðbrögð stefnanda sjálfs, er samningur var ekki efndur af hálfu stefndu, önnur en þau, að hann hélt að sér höndum og sendi nótina ekki frá sér.

Skipti framkvæmdastjóra Asiúfélagsins h/f, umboðsaðilja stefnanda, og stefnda Jóhanns eru rakin hér að framan jafnframt því sem getið er um afskipti lögmanns Asiúfélagsins h/f af málinu. Þegar Asiúfélagið h/f höfðaði mál á hendur stefndu, eins og rakið er, kom fram, að stefnandi hafði engar kröfur gert, en málið þá farið að hafa slæm áhrif á viðskipti stefnanda og Asiúfélagsins h/f.

Verður ekki annað séð en Asiúfélagið h/f hafi með aðgerðum og afskiptum sínum verið að vernda eigin hagsmuni, enda ekkert fram komið, sem hnígur að því, að félagið hafi fengið fyrirmæli frá stefnanda eða umboð hans til þess að krefjast efnda á samningnum eða skaðabóta úr hendi stefndu vegna samningsrofa.

Fyrstu sýnileg viðbrögð stefnanda sjálfs koma í ljós við málshöfðun þessa.

Pótt ráða megi af greinargerð stefndu, að þeir hafi ætlað aðgerðir stefnanda byrja með málshöfðun Asíufélagsins h/f í hinu fyrra máli, þykir framanrakið aðgerðarleysi stefnanda með hliðsjón af 31. gr. og 32. gr., sbr. 30. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 leiða til þeirrar niðurstöðu, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til efnda samningsins samkvæmt efni hans og til skaðabóta vegna samningsrofa.

Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Bogi Nílsson ásamt samdómsmönnum Dagmar Óskarsdóttur og Vögg Jónssyni framkvæmdastjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Antoníusson og Sverrir Júlíusson persónulega og fyrir hönd Hilmi s/f, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Nichimen Co. Ltd.

Stefnandi greiði stefndu málskostnað, kr. 250.000, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. nóvember 1979.

Nr. 222/1977. Aldís Jónsdóttir

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Páli Ólafssyni

(Baldvin Jónsson hrl.).

Fasteignakaup. Gallar. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.